FRUMSÝNING STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS
FRUMSÝND SAMTÍMIS UM ALLAN HEIM
Framhaldsmyndin sem allir hafa beðið spenntir eftir, er komin.
Sjáið Sharon Stone í banastuði eins og hún var í fyrri myndinni.
Allt áhugavert, hefst í huganum
ÓGNAREÐLI 2
SHARON STONE DAVID MORRISSEY
BASIC INSTINCT 2
FRELSI AÐ EILÍFU!
NATALIE PORTMAN HUGO WEAVING
V FOR VENDETTA
- V.J.V. - TOPP5.IS - S.U.S. - XFM 91,9 - KVIKMYNDIR.IS - A.B. Blaðið
Frá höfundi „Traffic"
SYRIANA
Dóri DNA / DV
- S.K. - DV - SV mbl - VJV topp5.is
the matador
Basic Instinct 2 kl. 5:40 - 8 og 10:20 B.i. 16 ára
V for Vendetta kl. 5:20 - 8 og 10:40 B.i. 16 ára
The Matador kl. 6 - 8 og 10 B.i. 16 ára
The World´s Fastest Indian kl. 5:30
Syriana kl. 8 og 10:30 B.i. 16 ára
Blóðbönd kl. 6 og 8
The New World kl. 10 B.i. 12 ára
Háskólabíó
HAGATORGI • S. 530 1919
www.haskolabio.is

FRUMSÝNING
FRUMSÝND SAMTÍMIS UM ALLAN HEIM
Allt áhugavert, hefst í huganum
Framhaldsmyndin sem allir hafa beðið spenntir eftir, er komin.
Sjáið Sharon Stone í banastuði eins og hún var í fyrri myndinni.
ÓGNAREÐLI 2
SHARON STONE DAVID MORRISSEY
BASIC INSTINCT 2
www.sambioin.is

Rakkar í raunum

KIVKMYNDIR

Sambíóin

Eight Below

★★★☆☆

Leikstjóri: Frank Marshall. Aðalleikarar: Paul Walker, Bruce Greenwood, Jason Biggs, Moon Bloodgood, August Schellenberger. 120 mín. Bandaríkin 2006.

TEKIÐ er að hausta á Suðurskautslandinu þegar Jerry (Walker), leiðsögumaður á lítilli rannsóknarstöð, fær það verkefni að fara með vísindamanninn Davis (Greenwood), nokkrar dagleiðir út á auðnina. Tilefnið að hafa uppi á nýföllnum loftsteini og ferðast þeir félagar á sleða, dregnum af átta stórum og stæltum sleðahundum. Jerry er jafnframt þjálfari þeirra, umsjónarmaður og vinur.

Tvímenningarnir hafa ekki fyrr haft uppi á steininum en boð berast frá stöðinni að þeir snúi sem skjótast til baka, ofviðri er í uppsiglingu. Þeim tekst að ná til bækistöðvanna í tæka tíð og samstundis er rokið í loftið en ekkert pláss er fyrir hundahjörðina og verða þeir strandaglópar.

Þegar heim til Bandaríkjanna er komið getur Jerry ekki á heilum sér tekið, finnst hann hafa brugðist vinum sínum illilega og gerir margar en árangurslausar tilraunir til að hrinda af stað björgunarleiðangri eftir þeim. Það tekst ekki fyrr en að hálfu ári liðnu.

Að einhverju leyti styðst myndin við atburði sem áttu sér stað um miðja síðustu öld í búðum japanskra Suðurpólfara. Það skiptir ekki máli að öðru leyti en því að þeir sanna hve sleðahundar eru sterk og vitur dýr og vel búin til að takast á við ótrúlegar þolraunir.

Eight Below er tekin í ægifögru vetrarríki, að vísu á norðurhveli jarðar, en það truflar engan (nema þá helst mörgæsaaðdáendur). Á hinn bóginn eru stúdíótökur og brellur ekki jafn trúverðugar og svipaða sögu er að segja um leikarana sem fá einkum vondar línur og standast ekki samanburðinn við notalega frammistöðu ferfætlingana sem eignast í manni hvert bein.

Þegar Disney er í fjölskyldustellingum er við hæfi að gefa heilasellunum frí, landfræðilegar staðreyndir, veðurfræði og aðrir slíkir smámunir eru algjört aukaatriði í þeim ævintýraheimi. Engan skal undra þó það sé sumar og sól á Suðurpólnum þegar þar ríkir, samkvæmt hnattstöðu, bleksvört vetrarnóttin,. Til hvers að ergja sig yfir því og ýmsum öðrum smámunum? Eight Below er hönnuð fyrir fjölskylduna, ekki síst yngstu meðlimina og er blessunarlega laus við allt sem heitir ofbeldi, sem gerist harla fátítt, jafnvel í fjölskyldumyndum. Á hinn bóginn útskýrir hún, á sinn einfalda hátt, þau sterku og bætandi bönd sem myndast á milli mannsins og besta vinar hans.

Sæbjörn Valdimarsson



Morgunblaðið/PÖK

Fjöldi fólks mætti á Kjarvalsstaði til að berja augum sérstætt risateppi með ævintýrinu um Nýju föt keisarans.

Sýning á Kjarvalsstöðum

SÝNING á verki Joseph Kosuths *Auðþekkjanleg ólíkindi* var opnuð á Kjarvalsstöðum í gærdag en það er sérstaklega ofið, risastórt teppi sem þekur allan vestursal safnsins og býður áhorfandanum að ganga um hugarheim H.C. Andersens en ganga má á teppinu. Ævintýrið um nýju fötin keisarans er ofið í teppið auk þess sem Kosuth notar tilvitnanir frá samtímamanni Andersens og helsta gagnrýnanda hans, Søren Kierkegaard, til að brúa hugmyndaheim þeirra tveggja.

Listamaðurinn Joseph Kosuth skýrir hér verk sitt fyrir Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands.

Ó, ó, óeðli í London

KVIKMYNDIR

Háskólabíó, Sambíóin

Ógnareðli 2 (Basic Instinct) 2 ★☆☆☆☆

Leikstjóri: Michael Caton-Jones. Aðalleikarar: Sharon Stone, David Morrissey, Charlotte Rampling, David Thewlis. 115 mín. Þýskaland/Spánn/England. 2006.

BORGARÍSJAKAR eru tilkomumikil sjón en kuldaleg, sama má segja um Sharon Stone. Hún er stæðileg sem fyrr, aldurinn og lýtalæknar hafa farið mildum höndum um konuna, en af henni stafar jökulkulda. Hann er aðeins einn mýmargra brotalama Ógnareðlis 2, framhaldsmyndarinnar sem tekið hefur á annan áratug að koma á koppinn. Óþægileg nærvera leikkonunnar bætir ekki upp vel þekktan hæfileikaskortinn. Tálkvendið og metsöluhöfundurinn Catherine Tramell á vissulega ekki að vera umvafin hlýju og notalegheitum en Stone fer langt yfir strikið.

Sögusviðið er að þessu sinni köld og fráhrindandi Lundúnaborg, í stað gömlu góðu kennileitanna sem gera hana að einni glæsilegustu heimsborginni, dvelur kvikmyndagerðarfólkið við nýtískulegri borgarhluta og byggingar; stál og gler og kaldir litatónar þjóna vel smekklausri sögunni.

Í upphafsatriðinu kemst Tramell enn og aftur í kast við lögin er hún verður mannsbani. Er að fróa sér undir stýri á hartnær tvö hundruð kílómetra hraða. Slík athöfn hlýtur að enda með lúðrablæstri og söng: Á augnabliki fullnægjunnar tekst Tramell á loft, í bókstaflegri merkingu, og endar á árbotni Thames. Sportbíllinn virðist búinn undir slíkar flugferðir því ekki sést



„Það má mikið vera ef Ógnareðli 2 kemst ekki á blöð sögunnar sem ein versta mynd allra tíma, það eitt er afsakanlegt tilefni til að berja hana augum," segir m.a. í dómnum.

skráma á skáldkonunni en ferðafélagi hennar er ekki jafnheppinn og Tramell er ákærð fyrir morð, við réttarhöldin er m.a. leitað álitsgerðar sálfræðingsins Glass (Morrissey), sem verður næsti leiksoppur skáldkonunnar og jafnástæðulaust að rekja framhaldið nánar og að gera sér ferð til að sjá það í bíó.

Það má mikið vera ef Ógnareðli 2 kemst ekki á blöð sögunnar sem ein versta mynd allra tíma, það eitt er afsakanlegt tilefni til að berja hana augum. Áður hefur verið minnst á frammistöðu Stone, mótleikari hennar, David Morrissey, er ekki hótinu skárri og getur nagað á sér neglurnar að hafa tekið hörmulega illa skrifað hlutverk sálfræðingsins sem fús og glaður lætur Tramell táldraga sig uns hann situr pikkfastur í netinu. Morrissey er sjálfsagt ekki vondur leikari, hann geldur, líkt og Rampling og Thewlis, fyrir afspyrnu vont handrit og nöturlega leikstjórn. Það er eitt af furðum leiklistarsögunnar hvernig hin hæfileikaríka Rampling hefur drabbast niður á tjaldinu og Thewlis virðist vera að leika Graham Sounnes á hliðarlínunni.

Að öllu samanlögðu, engin ástæða að fagna öðru en endinum.

Sæbjörn Valdimarsson